

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Hafsildar hf.,
frá 30. september 1985.

1. gr.

2. gr. 9. tl. orðist svo:

Lyktheyðing skal framkvæmd með þvotta- og þéttiturni, sem kælir útblásturinn niður og með brennslu lyktarefnanna. Lyktheyðing við brennslu skal vera jafngóð og eftir hitun í lofti í 700°C í 1/3 úr sekúndu. Við hönnun lyktheyðingarbúnaðarins skal tillit taka til orkuendurvinnslusjónarmiða.

2. gr.

3. gr. 5. tl. orðist svo:

Lofthreinsibúnaður, sbr. gr. 2.9. skal taka til starfa fyrir 31. desember 1988.

3. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í Hveragerði.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Hveragerðis.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklinga og óheimilt að framselja það. Leyfið er og bundið við hund þann, sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.
- b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki sameigenda fylgja umsókn.
- c. Greiða skal í bæjarsjóð leyfisgjald og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Gjaldið skal greitt um leið og lögboðin hundahreinsun fer fram sbr. e. lið. Hundar, sem blindir eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbyli eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hreinsun og afhendingu merkja sbr. f. lið.
- d. Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að tryggingin nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda, mönnum, dýrum, gróðri og munum.

- Lágmarkstryggingaupphæð skal vera kr. 10 000 000 (tíu milljónir). Vottorð um iðgjalda-greiðslu tryggingar skal framvísað þegar sótt er um undanþágu til hundahalds og þegar greitt er samkv. c lið þessarar greinar.
- e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar, sem fer fram í samræmi við reglugerð nr. 201/1957 um varnir gegn sullaveiki.
 - f. Hundurinn skal ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata með ágreypu númeri hundsins.
 - g. Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
 - h. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að fara með hundinn inn á leikvelli, né í skóla, íþróttahús, dagvistir, sjúkrahús, sundstaði, almennar skrifstofur, samkomuhús og verslanir, svo og starfsstöðvar hvaða nafni sem þær nefnast, þar sem úrvinnsla, ræktun, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal leggja fram til bæjarstjórnar, eða fulltrúa hennar á þar til gerðum eyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja litmynd af hundinum. Umbeðið leyfi skal aðeins gefa út að fengnu samþykki bæjarráðs eða bæjarstjórnar. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Lögreglustjóra og heilbrigðisfulltrúa skulu send afrit af leyfisbréfi.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, afturkallast leyfið sjálfkrafa. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf. Við fyrsta brot, ef lítilvægt er, skal veita viðkomandi skriflega áminningu.

5. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Hveragerði. Skal hann annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, og undir stjórn bæjarstjóra, og getur hann leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur. Bæjarstjórn getur sett nánari ákvæði um framkvæmd samþykktar þessarar, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o.fl.

6. gr.

Óleyfilegir hundar og hundar sem ganga lausir á almannafæri, skulu handsamaðir og færðir í sérstaka hundageymslu. Kostnaður við handsömun og geymslu hunds greiðir eigandi við afhendingu. Bæjarstjórn setur árlega gjaldskrá þar um, sbr. 2. gr. Hættulegum hundum og hundum sem ekki er leyfi fyrir skal þegar lóga. Öðrum hundum má lóga, sé þeirra ekki vitjað innan 2ja sólarhringa frá handsömun þeirra.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framanskráð samþykkt bæjarstjórnar Hveragerðis, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 510/1975 um hundahald í Hveragerði með breytingu nr. 597/1982.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir hundaeigendur í Hveragerði skulu láta skrá/endurskrá hunda sína samkvæmt ákvæðum 2. gr. Að liðnum 1 mánuði frá gildistöku samþykktar þessarar skal fara með alla hunda skv. ákvæðum 6. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í lögsagnarumdæmi Hveragerðis skv. 3. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Hveragerði frá 7. júní 1988 skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði árið 1988. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 4. og 6. gr. samþykktar um hundahald í Hveragerði, skal vera kr. 1 000 í annað skipti, kr. 1 500 í þriðja skipti og kr. 3 000 í fjórða skipti. Í fyrsta skipti skal veita skriflega áminningu, nema sé um alvarleg brot að ræða.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eindagi leyfisgjalds er 1 mánuði frá gildistöku samþykktar þessarar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. júní 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.